

Skólaráðsfundur
Fundargerð nr. 27
19. nóv. 2019 kl 15:15

Mættir: Sigríður Björk Marinósdóttir, Sigurlaug Ósk Reimarsdóttir, Andrea Sif Snæbjörnsdóttir, Karen Óskarsdóttir, Lilja Loftsdóttir, Bolette Höeg Koch, Ásgeir Jaki Atlason, Emelía Karen Gunnþórsdóttir

1. Starfsáætlun skólans 2019-2020

Farið yfir starfsáætlun skólans 2019-2020, hana má finna á heimasíðu skólans.

2. Almenni hluti skólanámskrár 2019-2020

Bolette fór yfir almenna hluta skólanámskrár, allt hefðbundið. Sýndi hvar hægt væri að nálgast skólanámskrár fyrir hvern bekk inni á heimasíðu skólans.

3. Akstursskipulag 2018-2019

Farið yfir skipulag skólaaksturs. Lítið pláss fyrir aukabörn. Mikilvægt að tala við bílstjóra til þess að athuga hvort það sé pláss.

4. Heilsueflandi skóli

Karen tekur að sér þetta verkefni. Er í vinnslu.

Önnur mál

Öðruvísidagar: Ásgeir Jaki og Emelía Karen komu með ýmsar hugmyndir að öðruvísidögum t.d. Svartur dagur, útidagur, Strákar verða stelpur og stelpur verða strákar dagur, íþróttadagur.

Skólanefndarfundur í næstu viku, skólinn á inni viðbót við útileiktæki, sem var á síðustu fjárhagsáætlun ekki þeirri nýju.

Andrea kom með hugmynd um að kaupa þurrskáp fyrir blaut föt. Umræða um breytingar á anddyri.

Ásgeir Jaki kom með hugmynd um að minnka matarsóun, að Stína myndi velja daga þar sem engin afgangafata sé til staðar og allir þurfi að klára matinn sinn. Umræða um þetta.

Sigurlaug minntist á hádegismat á föstudögum. Bolette útskýrði að búið væri að senda bréf á sveitastjórn með þeirri bön. Málið er í ferli og sveitastjórn tekur ákvörðun um málið. Í kjölfarið var farið yfir niðurstöður skoðanakönnunar sem gerð var á meðal foreldra í vor.

Fundi slitið 15:42